



Verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar
Guðrún Pétursdóttir, formaður verkefnisstjórnar
Anna Dóra Sæþórsdóttir, formaður faghóps 2

Reykjavík 2. janúar 2021
Mál: 21010132 /05.00

Efni: Umsögn v. 4. áfanga rammaáætlunar

Með tölvupósti dagsett 12. desember sl. hefur verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar óskað umsagnar Ferðamálastofu um hvort fyrirbyggjandi gögn um einstaka virkjunarkosti séu nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni.

Ferðamálastofa fagnar því vinnulagi sem hér er beitt og telur að þau gögn sem lögð eru fram séu fullnægjandi til að meta þá þætti sem taka á tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni.

Komið hefur fram í rannsóknnum að náttúra Íslands sé helsta aðráttarafl landsins í augum ferðamanna og ljóst er að virkjanir munu hafa einhver áhrif á ferðaþjónustu og útivist.

Ferðamálastofa hvetur því til þess að sjónarmiðum ferðaþjónustunnar verði gert jafnt hátt undir höfði og annarra þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, gætt verði vel að staðarvali og að raskað verði sem minnst við ósnortinni náttúru.

Æskilegt er að kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar hjá Ferðamálastofu, <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/kortlagning-audlinda>, verði nýtt í vinnu við mat á virkjanakostum, en jafnframt væri rétt að tryggja að hagsmunum ferðaþjónustunnar væru gerð skil.

Mikilvægt er að hafa sjónarmið heimamanna í hávegum þegar kemur að vali á virkjunarkostum og vill Ferðamálastofa í því sambandi minna á áfangastaðaáætlanir landshlutanna. Áfangastaðaáætlanir eru stefnumótandi áætlanir um uppbyggingu og samhæfingu ferðaþjónustu í hverjum landshluta. Að gerð þeirra koma heimamenn á hverju svæði, bæði innan stjórnsýslu og ferðaþjónustu, og er þeim ætlað að samræma þau sjónarmið sem liggja til grundvallar vexti og viðgangi ferðaþjónustunnar og taka tillit til þarfa íbúa, gesta, atvinnulífs og umhverfis. Sérstaklega er horft til væntinga og óska heimamanna og þar eru er sett fram markmið um að stýra uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu. Sjá nánar á <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaaetlanir>.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs